

Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

6. þáttur af 18

Skjámynd:

6. regla úr munnlega lögmálinu: Rabbínskar lögleiðingar eru Torah

...fræðimennirnir hafa miðlað í lögleiðingar sínar sama krafti og er í Móselögunum.
Ketubot 84a

Skjámynd:

7. regla úr munnlega lögmálinu: Fylgja skal fjöldanum

Mósebók 23.2 Þú skalt ekki fylgja fjöldanum til illra verka. Ef þú átt svör að veita í sök nokkurri, þá skalt þú ekki á eitt leggjast með margnum til þess að halla réttu máli.

Mósebók 23.2 Þú skalt ekki fylgja fjöldanum til illra verka. Ef þú átt svör að veita í sök nokkurri, þá **skalt þú ekki á eitt leggjast með margnum** til þess að halla réttu máli.

Ef það eru þúsund spámenn, allir af virðingarstöðu Elífa og Elísa, sem koma með ákveðna túlkun, og 1001 rabbíni sem kemur með andstæða túlkun, skal „**leggjast á eitt með margnum**“ (sjá 2. Mós. 23.2) og lögmálið er samkvæmt 1001 rabbínanum, ekki hinna 1000 heiðvirðu spámanna. Því sögðu fræðimenn okkar: „Þótt við heyrðum málið talað beint af munni Jósúa Núnssonar, myndum við ekki hlýða honum eða hlusta á hann!“...

Inngangur Rambams að skýringarriti Misna

Skjámynd:

8. regla úr munnlega lögmálinu: Ekki er það uppi í himninum

5. Mós. 30.11-12 Þetta boðorð, sem ég legg fyrir þig í dag, er þér eigi um megn, og það er eigi fjarlæggt þér. Ekki er það uppi í himninum, svo að þú þurfir að segja: Hver ætli fari fyrir oss upp í himininn og sæki það handa oss og kunngjöri oss það, svo að vér megum breyta eftir því? ...

5. Mós. 30.11-12 Þetta boðorð, sem ég legg fyrir þig í dag, er þér eigi um megn, og það er eigi fjarlæggt þér. **Ekki er það uppi í himninum**, svo að þú þurfir að segja: Hver ætli fari fyrir oss upp í himininn og sæki það handa oss og kunngjöri oss það, svo að vér megum breyta eftir því? ...

„...Þannig að ef spámaður vitnar um að Hinn heilagi, blessaður sé hann, hafi sagt honum að lög ákveðins boðorðs sé á þennan eða hinn veginn, eða að rök ákveðins fræðimanns séu rétt, skal taka þann spámann af lífi... eins og ritað er: „**Ekki er það uppi í himninum**“ (5. Mós. 30.12.) Því leyfði Guð okkur ekki að læra af spámönnum, aðeins rabbínum sem eru menn röksemda og ályktana.“

Yochanan 6.41-45 Nú kom upp kurr meðal Gyðinga út af því, að hann sagði: "Ég er brauðið, sem niður steig af himni..." Hjá spámönnum er skrifað: 'Þeir munu allir verða af Elóhím fræddir.' Hver sem hlýðir á föðurinn og lærir af honum, kemur til mín.

Skjámynd:

Matt. 21.23-26 Hann gekk í helgidóminn. Þá komu æðstu prestarnir og öldungar lýðsins til hans, þar sem hann var að kenna, og spurðu: "Með hvaða valdi gjörir þú

þetta? Hver gaf þér þetta vald?" Yeshua svaraði þeim: "Ég vil og leggja eina spurningu fyrir yður. Ef þér svarið mér, mun ég segja yður, með hvaða valdi ég gjöri þetta. Hvaðan var skírni Yochanans (Jóhannesar)? Frá himni eða frá mönnum?" Þeir ráðguðust hver við annan og sögðu: "Ef vér svörum: ‚Frá himni,‘ spyr hann: ‚Hví trúðuð þér honum þá ekki?‘ Ef vér segjum: ‚Frá mönnum,‘ megum vér óttast lýðinn, því að allir telja Yochanan spámann."

Skjámynd:

9. regla úr munnlega lögmálinu: S'yag eða „girðing“

Matt. 23.13 Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þér læsið himnaríki fyrir mönnum. Sjálfir gangið þér ekki þar inn, og þeim, sem inn vilja ganga, leyfið þér eigi inn að komast.

Móse fékk Torah á Sínaí fjalli og flutti það til Jósúa, Jósúa til öldunganna og öldungarnir til spámanna og spámennirnir til manna Samkundunnar miklu. Hinir síðastnefndu sögðu þrennt. Vertu þolgóður í réttlæti [framkvæmd þess,] fæddu af þér marga lærisveina og reistu girðingu (*syag*) um Torah. *Mishnah Pirke Avot 1:1*




Efesusbréfið 2.14-15 Því að hann (Yeshua) er vor friður. Hann gjörði báða (Yehudah og Ísrael) að einum og reif niður vegginn (*syag*), sem skildi þá að, fjandskapinn milli þeirra. Með líkama sínum afmáði hann lögmálið með boðorðum þess og skipunum til þess að setja frið (*shalom*) og skapa í sér (Yeshua) einn nýjan mann úr báðum...

Skjámynd:

Rabbínar okkar kenndu: Heiðingi nokkur kom eitt sinn fram fyrir Shammai og spurði hann: „Hvað hafið þið mörg Torot?“ „Tvö,“ svaraði hann: „hið ritaða Torah og hið munnlega Torah.“ (*b. Talmud Shabbat 31a*)

Torah
Sh'be'al peh
(Munnlegt Torah)



Torah
Sh'bktav
(Ritað Torah)

Priðji hluti: Galatabréfið - útskýringar með 1. kafla

Skjámynd:

Helstu atriði:

Lærdómur Páls kom EKKI frá rabbínum/faríseum, heldur frá himni

„Kirkjan“ var FYRST stofnuð sem söfnuðurinn við Sínaifjall

Vilji Elóhíms ER kenningar lögmáls Móse fyrir allan Ísrael

„Náð“ er annar flötur á lögmálinu „Annars konar fagnaðarerindi“ eru trúarkenningar eða lögmál manna

Staðfesting á lögmáli Móse leiðir til blessunar. Það að staðfesta EKKI lögmál Móse leiðir til bölvunar

Hugtakið „gyðingdómur“ eru lögleidd trúarbrögð rabbínanna

Skjámynd:

Galatabréfið 1.1 Páll postuli - **ekki sendur af mönnum né að tilhlutun manns**, heldur að tilhlutun Jesú Krists og Guðs föður, sem uppvakti hann frá dauðum -

Postulasagan 9.15 YHWH sagði við hann (Ananíás): Far þú, því að þennan mann (Pál) hef ég valið mér að verkfæri til þess að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja og konunga, báða syni Ísraels, og ég mun sýna honum, hversu mikið hann verður að þola vegna nafns míns.

Jóh. 3.34 Sá sem Elóhím sendi, talar orð Elóhíms...

Skjámynd:

Galatabréfið 1.2 ...og allir bræðurnir, sem með mér eru í **söfnuðunum** („kirkjunum“) í Galatalandi.

Söfnuður

Hvað er söfnuður eða „kirkja?“

Postulasagan 7.38 Hann er sá, sem var í söfnuðinum í eyðimörkinni, með englinum, er við hann talaði á Sínáí fjalli, og með feðrum vorum. Hann tók á móti lifandi orðum að gefa oss.

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010
og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á torah@internet.is